



Leiðbeiningar fyrir seljendur Netverslun

Upplýsingar sem þurfa að liggja fyrir áður en sótt er um færsluhirðingu:

Vefsíða og vefverslun

Tegund vefverslunarkerfis (Shopify, Woocommerce,...)

Vefslóð netverslunar

Eftirfarandi upplýsingar um fyrirtækið þitt þurfa að koma fram:

Heiti fyrirtækis

Kennitala fyrirtækis

Lögheimili fyrirtækis

Símanúmer og netfang fyrirtækis

VSK númer fyrirtækis nema ef um undanþágu frá virðisaukaskatti er að ræða

Vörur og/eða þjónusta

Lýsing á vörum og/eða þjónustu í boði í vefverslunásamt myndum.

Verð og gjaldmiðill

Öll verð skulu vera í íslenskum krónum og gefin upp með virðisaukaskatti, nema annað sé tekið fram. Sendingarkostnaður bætist við söluverð áður en kaup eru staðfest með greiðslu. Seljandi áskilur sér rétt til að breyta verðum án fyrirvara.

Greiðslur

Greiðslur eru í gegnum örugga greiðslugátt. Vörumerki kortaskema (Visa, Mastercard o.s.frv.) skulu vera sýnileg. Greitt er með greiðslukortum eða öðrum greiðslumátum sem tilgreindir eru á síðunni. Greiðsla fer fram við staðfestingu pöntunar.

Skilmálar

Gerð er krafa um skilmála vefverslunar. Skilmálar skulu vera skýrir, aðgengilegir og í samræmi við neytendaverndarlög, auk þess sem viðskiptavinir þurfa að samþykkja þá með skýrum hætti. Upplýsingar um póstsendingar, skilarétt og meðferð kvartana skulu koma fram í skilmálum.

Sjá leiðbeinandi atriði um gerð skilmála á næstu síðu.



Atriði sem hafa ber í huga við gerð skilmála

Heimsendingar

Lýsing á því hvernig sendingum til viðskiptavina er háttað: hvernig varan er send, áætlaður sendingartími og sendingarkostnaður. Loks skulu koma fram allar kvaðir vegna sendinga (t.d. ef heimsending er einungis í boði á Íslandi).

Skilaréttur

Lýsing á því hvernig viðskiptavinur getur skilað vöru og tímafresturinn til þess, ásamt skilyrðum fyrir vöruskil (t.d. ástand vöru). Þá skulu koma fram upplýsingar um hver beri kostnað af endursendingum og hvort viðskiptavini standi til boða að fá vöru endurgreidda, fá innleggssnútu eða að fá vörunni skipt.

Einnig skal koma fram hvort viðskiptavinur hafi rétt til að falla frá kaupum („14 daga reglan“) og skilyrðin sem því fylgja.

Gallaðar vörur og Kvartanir

Í skilmálum skal koma fram hvernig viðskiptavinur getur haft samband vegna vörugalla eðavandræða með vöru og hver svartími slíkra kvartana er.

Persónuvernd

Taka skal fram að persónuupplýsingar séu aðeins notaðar til að afgreiða pantanir og veita þjónustu. Upplýsingar eru ekki afhentar þriðja aðila nema það sé nauðsynlegt til afhendingar eða samkvæmt lögum.

Breytingar á skilmálum

Annað sem þarf að koma fram er réttur seljanda til að breyta skilmálum og að þær taki gildi þegar þær eru birtar á vefsíðu.

Samskiptaupplýsingar

Mikilvægt er að gefa upp netfang og símanúmer eða skýra með hvaða hætti viðskiptavinur getur haft samband við seljanda.

Varnarþing

Að lokum þarf að koma fram í skilmálum vefverslunar að íslensk lög liggi til grundvallar. Einnig þarf að nefna að hægt sé að skjóta ágreiningsmálum til kærunefndar vöru- og þjónustukaupa. Að öðrum kosti skulu mál rekin fyrir íslenskum dómstólum.